

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Fornleifastofnun Íslands.

Adolf Friðriksson, kt. 301063-4159, Jörundarholti 102, 300 Akranesi, Garðar Guðmundsson, kt. 310353-2139, Ægisíðu 56, 107 Reykjavík, Mjöll Snæsdóttir, kt. 120250-4939, Skólavörðustíg 26a, 101 Reykjavík og Orri Vésteinsson, kt. 221267-3979, Víðimel 27, 107 Reykjavík, stofna hér með sjálfseignarstofnun og setja henni svofellda skipulagsskrá.

1. gr.

Stofnunin heitir Fornleifastofnun Íslands og er heimili hennar og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur.

Tilgangur stofnunarinnar er að efla rannsóknir og útgáfustarfsemi á sviði fornleifafræði og skyldra greina. Stofnunin skal eiga og reka safn rannsóknargagna og upplýsinga um íslenskar fornleifar. Í hennar nafni skal stunda grunnrannsóknir í fornleifafræði og standa að útgáfu á afrakstri þeirra.

Í þessu starfi er stofnuninni heimilt að hafa samstarf við einstaklinga, fyrirtæki, félög, sveitarfélög, ríki eða stofnanir þeirra.

3. gr.

Stofnfé.

A) Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson leggja til öll rannsóknargögn sín úr leiðöngurum á þeirra vegum frá árinu 1989 til gildistöku þessarar skipulagsskrár, þ.e. stafrænan gagnagrunn, dagbækur, filmur, litskyggjur, teikningar, uppdrætti og öll önnur frumgögn sem ekki eru bundin ákvæðum um skilaskyldu til annarra stofnana eða safna lögum samkvæmt. Þeir leggja einnig til allan sinn leiðangurs- og rannsóknarbúnað, þ.e. tölvur, prentara, hugbúnað, uppgraftartæki, teiknibúnað, og bókakost er varðar rannsóknarsvið stofnunarinnar, alls kr. 920.000.

B) Garðar Guðmundsson leggur til sýnatökubúnað, safn fræsýna og plantna, alls kr. 100.000.

C) Mjöll Snæsdóttir leggur til kortasafn og safn erlendra fræðiritra, alls kr. 60.000. Stofnfé verður því alls kr. 1.080.000 samkvæmt mati á verðgildi þessara eigna.

4. gr.

Stjórn.

Hlutverk stjórnar er að framfylgja markmiðum stofnunarinnar og annast rekstur hennar.

Stjórnarmenn velja formann úr sínum hópi og skal hann jafnframt vera forstöðumaður stofnunarinnar. Að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum og skal fyrsta stjórn hennar skipuð þannig: Adolf Friðriksson, Garðar Guðmundsson og Orri Vésteinsson.

Varamenn í stjórn: Mjöll Snæsdóttir og Birna Gunnarsdóttir, kt. 120365-4799, Keldulandi 19, 108 Reykjavík.

Framangreind stjórn skal sitja þar til stjórnarmaður óskar þess að verða leystur frá stjórnarstörfum. Ef stjórnarmaður óskar að vera leystur frá stjórnarsetu eða fellur frá, skulu þeir sem sitja eftir í stjórninni velja nýjan stjórnarmann í samráði við varamenn stjórnar.

Stjórn stofnunarinnar skal halda skrá yfir eignir hennar.

Stjórnin gerir árlega skýrslu um störf sín sem lögð er fram til samþykktar á aðalfundi hennar sem halda skal fyrir ágústlok ár hvert. Jafnframt heldur hún gerðabók og skal þar færa inn skipulagsskrá þessa og fundargerðir stjórnar.

Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í stjórn stofnunarinnar.

Til breytinga á þessari skipulagsskrá og til að leggja stofnunina niður þarf samþykki allra stjórnarmanna, á fullskipuðum fundi.

5. gr.

Um rannsóknir og útgáfu.

Stofnunin annast fornleifarannsóknir á eigin vegum og eða í samvinnu við aðra aðila. Lögð skal sérstök áhersla á fornleifaskráningu, fornleifauppgröft, fornvistfræðirannsóknir, þróun aðferða og rannsóknir á landnytjum og menningarsögu.

Kennsla og ráðgjöf um fornleifarannsóknir og verndun fornleifa, heyrir og til starfs sviðs stofnunarinnar.

Stofnunin skal annast útgáfu á tímaritinu *Archaeologia Islandica – Íslensk fornleifafræði* og skal útgáfan vera með reglubundnum hætti. Þar skal birta árangur rannsókna sem unnar hafa verið á vegum stofnunarinnar, svo og annað efni er samræmist markmiðum hennar.

6. gr.

Aðild.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að veita einstaklingum er stunda rannsóknir á sviði fornleifafræði aðstöðu við stofnunina. Getur aðild að stofnuninni verið með tvennum hætti:

- a) tímabundin aðild vegna einstakra sérverkefna á starfssviði stofnunarinnar, eða
- b) rannsóknarstöður, fyrir vísindamenn er stunda umfangsmeiri rannsóknir. Stjórn metur hæfni umsækjenda um aðild að stofnuninni og skal hún skipa dómnefnd sér til ráðgjafar um sérsvið umsækjanda ef við á.

7. gr.

Fjármál.

Forstöðumaður stofnunarinnar ber ábyrgð á fjárvörslu fyrir hönd stjórnar.

Heimilt er að greiða stjórnarmönnum laun, ráða framkvæmdastjóra, ritstjóra og annað starfsfólk vegna rannsókna, útgáfustarfsemi eða annarra framkvæmda á vegum stofnunarinnar. Veðsetning og sala á eignum er ekki heimil að undanskilinni endurnýjun á tækjabúnaði.

Heimilt er að þiggja styrki, gjafir eða aðrar greiðslur vegna kostnaðar við rannsóknir, útgáfu, rekstur og aðra starfsemi á vegum stofnunarinnar. Skulu fjárreiður vegna slíkra verkefna vera á höndum stofnunarinnar og hlýta reglum sem hér eru settar um endurskoðun reikninga, sbr. 8. gr.

8. gr.

Reikningar.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga stofnunarinnar og skal endurskoðun lokið í apríl ár hvert fyrir næstliðið starfsár.

9. gr.

Verði stofnunin lögð niður sbr. 4. gr. skulu rannsóknargögn, búnaður og aðrar eignir hennar að frádregnum skuldum renna til þeirra aðila sem að mati fráfarandi stjórnar munu stunda vísindastörf í anda þeirra markmiða sem stofnuninni hefur verið sett.

Reykjavík, 18. júní 1995.

*Adolf Friðriksson.
Mjöll Snæsdóttir.*

*Garðar Guðmundsson.
Orri Vésteinsson.*

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. júlí 1995.

F. h. r.
Jón Thors.

Högni S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um barnaverndarstofu, nr. 264/1995.

1. gr.

1. másl. 1. mgr. 2. gr. orðast svo:
Félagsmálaráðherra skipar forstjóra barnaverndarstofu til fimm ára í senn.

2. gr.

25. gr. orðast svo:
Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júní 1995.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júlí 1995.

Páll Pétursson.

Anna G. Björnsdóttir.